

Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Útboð nr. 15728 - Rammasamningur um símaþjónustu og símtæki

Tilboð í rammasamning um símaþjónustu og símtæki voru opnuð þann 28. september s.l. Um er að ræða almennt útboð sem auglýst var á EES í samræmi við lög um opinber innkaup nr. 120/2016 um gerð rammasamninga. Rammasamningurinn er til fjögurra ára og nær til símaþjónustu (hluti 1) og símtækja (hluti 2) en bjóðendum var heimilt að bjóða í einstaka hluta. Fyrirfram áætlað virði samningsins fyrir hluta 1 var 45 mkr. án vsk. og 110 mkr. án vsk. fyrir hluta 2.

Í hluta 1 bárust tilboð frá þrem fyrirtækjum en fjórum fyrirtækjum í hluta 2. Í hluta 1 buðu fyrirtæki einingaverð sem miðuðust við skilmála rammasamningsgagna.

Matsatriðum fyrir hluta 1 var skipt upp í tvo þætti, einingaverð án vsk. á mánuði fyrir hvert skráð farsímanúmer hjá Reykjavíkurborg og einingaverð án vsk. á mánuði fyrir hvert skráð borðsímanúmer hjá Reykjavíkurborg. Vægi farsímanúmera var 70% og vægi borðsímanúmera var 30%. Sá bjóðandi er býður lægsta vegið verð sbr. framangreint telst vera lægstbjóðandi. Í hluta 2 buðu seljendur afslátt af listaverðum sínum af símtækjum og fylgihlutum.

Eftirfarandi tilboð bárust:

Bjóðandi	Hluti 1	Hluti 2
	Vegið verð án vsk.	
Hringdu	1.045 kr.	
Síminn	700 kr.	✓
Sýn	179 kr.	✓
Elko		✓
Origo		✓
Kostnaðaráætlun	209 kr.	

Innkaupaskrifstofa hefur kannað fjárhagslegt og tæknilegt hæfi allra bjóðenda.

Sýn hf. uppfyllir allar kröfur um hæfi og lágmarkskröfur í hluta 1 en eingöngu Sýn, Origo og Síminn uppfylltu kröfur um fjárhagslegt hæfi í hluta 2.

Í samræmi við ofangreint og skilmála rammasamningsgagna leggur Innkaupaskrifstofa til að samið verði við lægstbjóðanda, Sýn hf. í hluta 1 og þá aðila sem uppfylltu hæfi og lágmarkskröfur í hluta 2, þ.e. Símann, Sýn hf. og Origo hf.

Undirritað rafrænt f.h. Innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar

Ólafur Steingrímsson